

***Innflutningur bifreiðar**

***Tollverð**

Úrskurður nr. 4/2001.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var skemmd í Þýskalandi. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfestir kröfu tollstjóra.

Lög nr. 55/1987. 8. gr., 10. gr., 100. gr., 101. gr. Reglugerð 374/1995 2.-3. gr., 7.-8. gr., 10.-15. gr. og 17.-21. gr.

Með bréfi, dags. 9. apríl s.l., er barst nefndinni þann 10. s.m. kærir L, fyrir hönd A, úrskurð tollstjóra sem uppkveðinn var þann 9. febrúar s.l. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri uppgefnu viðskiptaverði á bifreið af gerðinni BMW 318i G-KAT árgerð 1997, fastanúmer K, að upphæð DEM 9.600(gengi DEM 40.8069) og ákvarðar tollverð ISK 785.315,00. Kærandi krefst þess að bifreiðin verði tollafgreidd samkvæmt vörureikningi.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að bifreiðin sé af gerðinni BMW 318i árgerð 1997. Fast skrásetningarnúmer K. Innkaupsverð samkvæmt framlögðum vörureikningi sé DEM 9.600. Fram komi að innifalið í því verði séu fjórar notaðar stálfelgur. Nýjar álfelgur eru undir bifreiðinni, en álfelgur séu ekki staðalbúnaður í BMW 318i árgerð 1997. Þá segir að í reglugerð nr. 374/1995 sé kveðið á um að gera skuli samanburð á innkaupsverði bifreiða og markaðsverði sem gefið sé upp í bókum sem taldar eru áreiðanlegar í viðskiptalandinu. Þegar virðisaukaskattur hafi verið dreginn frá og tillit tekið til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 64.996 km sé markaðsverð bifreiða í Þýskalandi af þeirri árgerð, tegund og undirtegund sem hér um ræðir DEM 19.992, samkvæmt desember útgáfu DAT Marktspiegel, en það er viðurkennd handbók um söluverð notaðra ökutækja í Þýskalandi. Söluverð bifreiðarinnar sé því 51,98% lægra en uppgengið markaðsverð í viðskiptalandinu. Tollstjóri tekur fram að miðað sé við ódýrustu gerð af BMW 318i árgerð 1997, án aukabúnaðar. Þá segir að óskað hafi verið eftir skýringum frá innflytjanda á lágu innkaupsverði bifreiðarinnar. Í svarbréfum hans komi fram upplýsingar um að bifreiðin hafi verið keypt af kaupleigufyrirtæki í Þýskalandi, kaupandi hafi tekið ákveðna áhættu vegna þess að girkassi væri hugsanlega bilaður í bifreiðinni og seljandi hafi talið viðgerðarkostnað það mikinn að hann hafi heldur viljað selja bifreiðina á lágu verði. Bifreiðin sé keypt milliliðalaust af bifreiðaheildsölu í Þýskalandi. Oft megi í krafti staðgreiðslu gera góð kaup, hvítar bifreiðar séu ekki vinsælar í viðskiptalandinu, sóllúgu vanti og loftkælubúnaður sé ekki til staðar. Að lokum segir í skýringum innflytjanda að þýsk tollyfirvöld hafi staðfest útflutningsverðmæti bifreiðarinnar og finnst honum undarlegt að tollyfirvöld hér vefengi útflutningsskjöl sem þýsk tollyfirvöld hafi samþykkt án athugasemda. Þá segir í greinargerð tollstjóra að bifreiðin hafi verið skoðuð af tollstarfsmönnum og henni reynsluekið. Hún sé vel með farin, útlit gott og ekkert athugavert við gangverk að öðru leyti en því að stíðleika sé að finna í skiptingu. Ennfremur að innflytjandi hafi lagt fram skjal vegna tollafgreiðslu sem sé ljósrit af kaupsamningi/vörureikningi. Skjalið sé ekki undirritað af kaupanda, sem sé Jóhannes Karl Hermannsson. Seljandi er Automobile Nymphenburg, Menzinger Str. 85, München. Innflytjandi lagði fram með öðrum aðflutningsskjölum, ljósrit af útflutningsskýrslu. Tollstjóri vekur athygli á að þar kemur fram að seljandi er ekki útflytjandi, heldur Quiring Automobile, sem hefur sama aðsetur og seljandi en virðist ekki tengjast honum að öðru leyti. Móttakandi er skráður B. Þá segir að það sé rétt sem fram komi í kæru að útflutningsskýrslan sé með stimpli þýska tollsins í München. Embættið hafi kannað sérstaklega og reyndar liggja það í hlutarins eðli að tollverðir í útflutningshöfnum í Þýskalandi eða í öðrum nálægum ríkjum kanni ekki sannleiksgildi vörureikninga áður en þeir árita útflutningsskjöl. Áritun og stimpill tollgæslu sé hins vegar staðfesting á því að varan hafi farið úr landi, sem gerir m.a. endurgreiðslu/niðurfellingu virðisaukaskatts mögulegan. Sé reikningsverð borið saman við heildsöluverð (Einkaufspreis) sé söluverð 43.14% undir því viðmiðunarverði þegar virðisaukaskattur hefur verið dreginn frá, samkvæmt Dat Marktspiegel. Tollstjóri telur það undarlegt að bifreið sé seld svo langt undir markaðsverði vegna stíðleika í skiptingu sem hugsanlega er aðeins smávægileg bilun. Tollstjóri telur rök innflytjanda ekki nægjanlega til að skýra hið lága viðskiptaverð og hafnar því að vörureikningurinn verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum sem embættið aflaði frá Bifreiðum og Landbúnaðarvélum, sem hefur umboð fyrir BMW bifreiðar hér á landi, er verð hliðstæðrar bifreiðar þ.e. BMW 318i kr. 2.488.000. Tollverð var því ákvarðað samkvæmt 20.sbr. 21.gr. reglugerðar nr. 374/1995. Með hliðsjón af ofanskráðu úrskurðar tollstjóri samkvæmt 100 gr. laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að tollverð bifreiðarinnar K, sem er af gerðinni BMW 318i, skuli vera kr. 785.315.

Í kröfugerð umboðsmanns kæranda kemur fram að umbjóðandi hans sé ekki sáttur við afgreiðslu tollstjóra í þessu máli. Hann leggi fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda, Dieter Pfab, dags. 27. mars 2001. Í nefndri yfirlýsingu sé það staðfest að Automobil Nymphenburg og Quiring Automobile séu einn og sami skattaðilinn. Ennfremur að vörureikningurinn vegna BMW kaupanna passi við útflutningsskýrsluna og hafi verið bókaður í bókhaldi fyrirtækisins. Þá komi fram að umbjóðandi kæranda hafi lagt fram útprentun frá DAT sem hann telji vera yfir "nákvæmlega þessa bifreið". Þar komi fram allt annað viðmiðunarverð en það sem tollstjóri notaði eða DEM 11.350 enda hafi embættið stuðst eingöngu við almennt viðmiðunarverð hliðstæðra

bifreiða. Þá segir að útprentunin staðfesti að hljóð hafi borist frá gírkassa. Einnig að síðast þegar hún var þjónustuð hafi hún verið ekin 114.000 km. Hins vegar hafi við innflutning til Íslands komið í ljós að kílómetramælir hennar sýndi 60.000 km. Þetta bendi til að átt hafi verið við kílómetramæli hennar af fyrri eiganda og geti það skýrt lægra verð en ella. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og þess krafist að vörureikningurinn verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Tollstjóra var sent afrit af kæru kæranda til umsagnar. Í kröfugerð hans segir að ríkistollanefnd hafi þráfallega bent á það í úrskurðum sínum, vegna tollverðs notaðra ökutækja, að við tollverðsákvörðun verði framvísuðu kaupverði ekki hafnað eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara kaupanda en almennt gerist í viðskiptum. Þá hafi nefndin bent á að þegar munur á verði framvísaðs innkaupsreiknings og markaðsverði sams konar ökutækja í innkaupslandi sé verulegt verði skýringar innflytjanda á verðinu að vera haldgóðar. Tollstjóri telur svo ekki vera í þessu máli. Eins og fram komi í úrskurði tollstjóra sé uppgengið verð í útflutningsskýrslu engin sönnun fyrir sannleiksgildi vörureikninga eða þess verðs sem þeir tilgreina. Þá hafi þau gögn sem lögð hafa verið fram enga tilvísun í númer ákveðins ökutækis, ákveðins vörureiknings eða ákveðinnar útflutningsskýrslu. Annars vegar sé almennt orðuð staðfesting á að útflutningsstaðfesting BMW 318i bifreiðar hafi verið færð til bókar. Engin tilvísun til vörureikningsnúmers, söluverðs, kaupanda eða annars sem gæti rennt stoðum undir fullyrðingar kæranda um kaupverð. Hins vegar sé um að ræða matsgjörð fyrirtækisins Autohaus Hofmann á sams konar ökutæki sem kærandi segir matsgerð yfir "nákvæmlega þessa bifreið" og bendir sérstaklega á að samkvæmt henni hafi bifreiðinni verið ekið 114.000 km. Hér sé sama upp á teningnum, engin tilvísun í neitt sem staðfest geti að hér sé um sama ökutækið að ræða. Þvert á móti sé ýmislegt sem bendi til að svo sé ekki. Helst líti út fyrir að matið hafi farið fram á grundvelli upplýsinga frá matsbeiðanda, R-Quiring, en ekki á skoðun á tilteknu ökutæki. Fram kemur að matið er gefið út þann 5. apríl s.l. Vandséð er hvernig fyrirtækið hefur á þeim tíma getað skoðað og metið ökutæki í Þýskalandi sem flutt var inn til Íslands í janúar s.l. Reitur fyrir verksmiðjunúmer er ekki fylltur út og við reit fyrir athugasemdir stendur skemmdir í skiptingu skv. upplýsingum eiganda. Með vísan til ofanskráðs krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð tollstjóra til umsagnar kæranda. Í svári hans sem sent var nefndinni þann 15. maí s.l. eru lagðar fram annars vegar þjónustubók bifreiðarinnar þar sem fram kemur að síðast er hún var þjónustuð stóð kílómetramælir hennar í 105.602 km og yfirlýsing endurskoðandans sem vísar nú gagnert til þessa ökutækis. Fyrri kröfur eru ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Í máli þessu er deilt um tollverð á BMW 318i árgerð 1997. Bifreiðin var flutt inn til landsins á sendingarnúmeri S ARN 09 01 1 DE CUX W 032, skráningarnúmer hennar er K. Innkaupsverð skv. framlögðum vörureikningi DEM 9.600. Ljóst er að viðskiptaverð KX-493 er nærri helmingi lægra en verð á bifreiðum sömu gerðar í DAT Marktspiegel. Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað "með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi", sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá tollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá tollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12% vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Hann ákvað því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina. Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið *DAT Marktspiegel*, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarinnar í Stuttgart og notað um allt Þýskaland, sem grundvallarrit um verð notaðra bifreiða þar í landi. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefngdar af kæranda enda leggur hann fram upplýsingar úr því. Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðarinnar K er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu *DAT Marktspiegel*. Munurinn er rúmur helmingur eða 53%. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Að mati ríkistollanefndar geta skýringar kæranda ekki skýrt þann mikla verðmun sem að framan er rakinn. Bifreiðin sem hér er deilt um tollverð á, var þegar tollverðir skoðuðu hana ekin 64.996 km skv. kílómetramæli. Kærandi heldur því fram að átt hafi verið við mælinn og bifreiðin hafi verið ekin 115.000 km er hún var keypt í Þýskalandi og eru útreikningar hans miðaðir við þann akstur. Þessu til stuðnings er lögð fram þjónustubók sem sögð er tilheyra þessari bifreið og kemur fram í henni að hún var síðast þjónustuð 8. júní 2000

og sýndi kílómetramælir hennar þá 105.602 km. akstur. Einnig liggur fyrir yfirlýsing seljanda um að uppgafið kaupverð sé fært til bókar. Eins og fram hefur komið sýndi kílómetramælir bifreiðarinnar 64.996 km akstur við skoðun tollvarða á bifreiðinni við komu hennar til landsins. Það er samdóma álit nefndarmanna að miða verði við þá kílómetrastöðu við samanburðarútreikning úr ritinu DAT Marktspiegel. Stirðleiki í gírskiptingu og staðhæfing kæranda um að litur bifreiðarinnar verðfelli hana nægja ekki til að skýra þennan mikla mun sem er á innkaupsverði og DAT verði. Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgefin verð í ritinu DAT Marktspiegel er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar. Með hliðsjón af ofanrituðu telja nefndarmenn rétt í þessu máli að ákvarða tollverð bifreiðarinnar K samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra dags. 9. febrúar. 2001 um ákvörðun tollverðs bifreiðarinnar af gerpinni BMW 318i G-KAT, fastanúmer K sem flutt var til landsins á sendingarnúmeri S ARN 09 01 1 DE CUX W 032 skuli standa óbreyttur.